

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 128

16. október 2023

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans
mánudaginn 16. október 2023 kl. 17:00.*

Mætt eru: Bergur Þorgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson.

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð frá fundi nr. 127 og var hún samþykkt og undirrituð.

2. Bráðabirgðauppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins

Skólameistari fór yfir árshlutauppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023. Helstu frávik frá fjárhagsætlun 2023 eru að flokkur launa og launatengdra gjalda er hærri en gert var ráð fyrir, en almennt eru flestir liðir hærri en samkvæmt áætlun. Settur er fyrirvari um að von er á aukaframlagi frá ráðuneyti skólamála vegna launakostnaðar.

Rekstur mótuneytis er hagstæðari með auknum nemendafjölda, auk þess sem nemendur og starfsfólk nýtir mótuneytið meira.

Umræður fóru fram í kjölfarið.

3. Upphaf skólaárs

Skólameistari fór yfir helstu atriði í skólastarfi MB í upphafi skólaárs 2023-2024.

Það gengur mjög vel með kennslu samkvæmt því sem lagt var upp með í skólaþróunarverkefninu en eðli málsins samkvæmt eru margar áskoranir sem felast í breyttum áherslum og nýjungum. Nemendur og kennarar takast á við verkefni af kostgæfni og gleðilegt hvað skólaþróunarverkefnið hefur vakið mikla athygli sem endurspeglast m.a. í fjölgun nemenda við skólann.

Aldrei hafa verið skráðir eins margir nemendur í skólann og nú en þeir eru alls 193 talsins, fjarnemar eru rúmlega 38%. Breytingar sem þessar eru á vissan hátt áskorun en samt sem áður skemmtilegar.

Skólameistari fór þar að auki yfir fleiri mál, t.d. málefni starfsbrautar og viðræður við ríki um fjölda nemendaígilda.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

4. Kynningarmál

Umræður fóru fram um kynningarmál MB og skólaheimsóknir. Forsvarsmenn MB munu heimsækja grunnskóla líkt og fyrri ár en gera það fyrr á vorönninni en gert hefur verið hingað til. Það hefur gefist vel að vera með opinn dag í MB þar sem starf skólans er kynnt fyrir verðandi framhaldsskólanemum.

Rætt var einnig um að fara í markaðsátak á samfélagsmiðlum, en nú þegar hefur verið unnið töluvert í markaðsmálum skólans, s.s. samræmt útlit á auglýsingum, litaval o.fl. Haldið verður áfram á þeirri braut og útbúið kynningarefni á rafrænu formi sem talar til markhópsins.

5. Skólastarfið

Skólabragur hefur breyst mikið með fjölgun nemenda. Nemendur eru að nýta mötuneytið mun meira en verið hefur og er gaman að segja frá því að einn daginn nú í haust voru 99 nemendur sem keyptu hádegismat og hefur það ekki gerst áður í sögu skólans. Matur er mannsins megin og skiptir máli að bjóða upp á staðgóðan mat en það hefur líka félagslegt gildi að sitja saman, snæða hádegisverð og spjalla.

Starfsemi Kvikunnar fer vel af stað á nýju skólaári og hafa nemendur verið duglegir að nýta sér aðstöðuna. Það hefur einnig aukist töluvert að utanaðkomandi fái kynningu á starfsemi Kviku, en þessi aðstaða á líka að vera opin almenningi.

Félagslíf hefur farið hægar af stað en undanfarin ár, en þó er margt á döfinni. Leikfélagið er vinsælt og ákveðið hefur verið að setja upp 10 ára afmælisýningu *Rocky Horror Picture Show* í samstarfi við Listaskóla Borgarfjarðar.

Rætt um forvarnarmál í skólastarfi og félagslífi.

6. Farið yfir skipurit skólans

Lögð var fram tillaga að nýju og breyttu skipuriti fyrir Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.

Með tillögunni fylgdi greinargerð skólameistara þar sem tilgangi og markmiðum með breytingum voru gerð nánari skil.

Skólameistari gerði grein fyrir helstu áhersluatriðum breytinga, lýsti hagræði sem af breytingum muni leiða sem og á hvern hátt skilvirkni verður tryggð í starfsemi skólans eftir breytingar.

Umræður fóru fram um breytingar á skipuriti og svaraði skólameistari spurningum stjórnarmanna.

Stjórn samþykkti framkomna tillögu um breytingar á skipuriti í samræmi við umræður á fundinum og öðlast nýtt skipurit gildi frá og með 1. nóvember 2023.

Stjórn fól skólameistara að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja hnökralausa gildistöku nýs skipurits.

7. Önnur mál

Skólameistari lagði fram núgildandi gjaldskrá fyrir fjarnám við MB, en þessi gjaldskrá hefur ekki verið uppfærð í þó nokkurn tíma. Skólameistari lagði til breytingar á gjaldskrá og voru þær samþykktar samhljóða.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 19:41